

Nd.

70. Frumvarp til laga

um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þessi prestaköll:

1. *Reykjavík*: Reykjavíkursókn.
2. *Útskálar*: Staður [í Grindavík], Kirkjuvogs, Hvalness, Útskála og Keflavíkur sóknir.
3. *Garðar á Álftanesi*: Kálfatjarnar, Hafnarfjarðar og Bessastaða sóknir.
4. *Mosfell í Mosfellssveit*: Þingvalla, Viðeyjar, Lágafells, Brautarholts, Saurbæjar [á Kjalarnesi] og Reynivalla sóknir.
5. *Akranes*: Saurbæjar [á Hvalfjarðarströnd], Innra-Hólms, Garða og Leirár sóknir.
6. *Reykholt*: Hvanneyrar, Fitja, Lundar, Bæjar, Reykhólts, Stóraáss, Gilsbakka, Siðumúla og Norðtungu sóknir.
7. *Borg*: Hvamms, Hjarðarholts, Stafholts, Borgar, Álftaness, Áltartungu, Akra og Staðarhrauns sóknir.
8. *Staðastaður*: Kolbeinsstaða, Rauðamels, Miklaholts, Staðastaðar, Búða og Hellna sóknir.
9. *Ólafsvík*: Ingjaldshóls, Ólafsvíkur, Brimilsvalla og Setbergs sóknir.
10. *Helgafell*: Bjarnarhafnar, Helgafells, Stykkishólms, Narfeyrar og Breiðabólstaðar sóknir.
11. *Hvammur*: Snóksdals, Sauðafells, Stóra-Vatnshorns, Hjarðarholts, Hvamms, Staðarfells og Dagverðarness sóknir.
12. *Staðarhóll*: Skarðs, Staðarhóls, Garpsdals, Reykhóla og Staðar sóknir.
13. *Brjánslækur*: Gufudals, Múla, Flateyjar, Brjánslækjar og Haga sóknir.
14. *Árnes*: Árnessókn.
15. *Staður í Steingrímsfirði*: Kaldrananess, Staðar og Kollafjarðarness sóknir.
16. *Prestbakki*: Óspakseyrar, Prestbakka og Staðarsókn í Hrútafirði.
17. *Kirkjuhvammur*: Melstaðar, Efra-Núps, Staðarbakka, Kirkjuhvamms, Tjarnar, Vesturhópshóla, Breiðabólstaðar og Viðidalstungu sóknir.
18. *Sauðlauksdalur*: Saurbæjar, Breiðuvíkur, Sauðlauksdals, Eyra og Stóra-laugardals sóknir.
19. *Bildudalur*: Selárdals, Bildudals, Rafnseyrar og Álftamýrar sóknir.
20. *Þingeyri*: Hrauns, Þingeyrar, Mýra, Sæbóls og Núps sóknir.
21. *Holt*: Kirkjuból, Holts og Staðarsókn í Súgandafirði.
22. *Ísafjörður*: Hóls, Ísafjarðar og Eyrar sóknir.
23. *Vatnsfjörður*: Ögur, Vatnsfjarðar, Nauteyrar, Melgraseyrar og Unaðsdals sóknir.
24. *Staður í Aðalvík*: Staður [í Grunnavík], Staður [í Aðalvík] og Hesteyrar sóknir.

25. *Steinnes*: Undirfells, Auðkúlu, Svinavatns, Þingeyra og Blönduóss sóknir.
26. *Höskuldsstaðir*: Bergsstaða, Bólstaðarhliðar, Holtastaða, Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufells sóknir.
27. *Sauðárkrókur*: Ketu, Hvamms, Sauðárkróks, Reynistaðar og Rípur sóknir.
28. *Mælifell*: Glaumbæjar, Viðimýrar, Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjar sóknir.
29. *Viðvík*: Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar, Hofstaða, Viðvíkur og Hóla sóknir.
30. *Hof*: Hofs, Fells, Barðs og Knappsstaða sóknir.
31. *Hvanneyri*: Hvanneyrarsókn.
32. *Miðgarðar*: Miðgarðasókn.
33. *Ólafsfjörður*: Ólafsfjarðar og Kviabekks sóknir
34. *Vellir*: Hriseyjar, Stærri-Árskógar, Upsa, Tjarnar, Urða og Valla sóknir.
35. *Möðruvellir*: Möðruvalla, Glæsibæjar, Bakka og Bægisár sóknir.
36. *Akureyri*: Akureyrar og Lögmannshliðar sóknir.
37. *Laugaland*: Grundar, Saurbæjar, Hóla, Möðruvalla [i Eyjafirði] Munkaþverár og Kaupangs sóknir.
38. *Laufás*: Svalbarðs, Laufás, Grenivíkur, Þönglabakka og Draflastaða sóknir.
39. *Vatnsendi*: Illugastaða, Háls, Lundarbrekku, Ljósavatns og Þóroddsstaða sóknir.
40. *Skútustaðir*: Skútustaða, Reykjahliðar, Þverár og Einarstaða sóknir.
41. *Húsavík*: Grenjaðarstaða, Ness, Brettingsstaða og Húsavíkur sóknir.
42. *Skinnastaðir*: Garðs, Skinnastaða, Prestshóla og Viðihóls sóknir.
43. *Raufarhöfn*: Svalbarðs, Raufarhafnar og Sauðaness sóknir.
44. *Skeggjastaðir*: Skeggjastaðasókn.
45. *Hof*: Hofs og Vopnafjarðar sóknir.
46. *Kirkjubær*: Eiríksstaða, Hofteigs, Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Sleðbrjóts sóknir.
47. *Desjarmýri*: Desjarmýrar, Húsavíkur og Njarðvíkur sóknir.
48. *Vallanes*: Eiða, Áss, Valþjófsstaðar, Vallaness og Þingmúla sóknir.
49. *Dvergasteinn*: Vestdalseyrar og Klippsstaðar sóknir.
50. *Nes*: *Brekku* [i Mjóafirði] og Ness sóknir.
51. *Eskifjörður*: Búðareyrar og Eskifjarðar sóknir.
52. *Búðakaupstaður*: Búða og Kolfreyjustaðar sóknir.
53. *Heydalir*: Stöðvar og Heydala sóknir.
54. *Djúpivogur*: Beruness, Berufjarðar, Djúpavogs og Hofs sóknir.
55. *Bjarnanes*: Stafafells, Bjarnaness og Brunnhóls sóknir.
56. *Kálfafellsstaður*: Kálfafellsstaðar og Hofs sóknir.
57. *Prestsbakki*: Kálfafells, Prestsbakka, Grafar, Langholts og Þykkvabæjar sóknir.
58. *Vík*: Höfðabrekku, Víkur, Skeiðflatar, Eyvindarhóla og Ásólfskála sóknir.
59. *Vestmannaeyjar*: Ofanleitissókn.
60. *Breiðabólstaður*: Stóradals, Hliðarenda, Breiðabólstaðar, Stórolfshvols, Odda, Kross, Akureyjar og Keldna sóknir.

61. *Fellsmúli*: Skarðs, Haga, Marteinstungu, Árbæjar, Kálfhólts og Háþéjar sóknir.
62. *Eyrarbakki*: Gaulverjabæjar, Villingahólts, Stokkseyrar og Eyrarbakka sóknir.
63. *Hraungerði*: Hraungerðis, Laugardæla, Kotstrandar, Hjalla, Strandar [í Selvogí] og Úlfjótswatns sóknir.
64. *Hruni*: Ólafsvalla, Stóra-Núps, Hrepphóla, Hruna og Tungufells sóknir.
65. *Mosfell í Grímsnesi*: Bræðratungu, Skálhólts, Torfastaða, Haukadals, Út-
hliðar, Miðdals, Mosfells, Klausturhóla og Búrfells sóknir.

2. gr.

Í Reykjavík skulu vera tveir prestar, og skipar ríkisstjórnin í samráði við biskup fyrir um verkaskiptingu þeirra í milli.

3. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að sú skipun prestakalla, sem ákveðin er í 1. gr. þessara laga, komist á eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt, sem því verður við komið. Þegar prestakall, sem á að sameinast öðru prestakalli eða öðrum prestaköllum, losnar, skal það eigi auglýst til umsóknar, heldur fer sameiningin þá þegar fram.

4. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá það mál koma fyrir safnaðarfund eða safnaðarfund, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin varðar aðeins einn söfnuð, ræður meiri hluti atkvæða á lögmetum safnaðarfund. Ef söfnuðir eru tveir, ræður meiri hluti atkvæða á háðum fundum. Ef söfnuðirnir eru fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Ef héraðsfundur síðan samþykkir tillögur safnaðarfundar (eða safnaðarfunda), skal ríkisstjórn í samráði við biskup veita leyfi til, að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

5. gr.

Þegar lénskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju eða kirkna, sem sóknin er lögð til. Svo er og um skrautgrip (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta) og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

6. gr.

Allir prestar þjóðkirkjunnar njóta launa af ríkisfé samkvæmt launalögum.

7. gr.

Skylt er prestum í Árnesi, Ólafsfirði, Skeggjastöðum og Miðgörðum að annast barnakennslu í sóknum sínum, ef kennslumálaráðherra mælir svo fyrir.

Ennfremur er kennslumálaráðherra heimilt að fela prestunum á Desjarmýri, Hofi í Vopnafirði, Nesi í Norðfirði, Stað í Aðalvík, Vestmannaeyjum, Dvergasteini og Siglufirði barnakennslu, eftir því sem við verður komið, ef sú ráð-

stöfun leiðir til verulegs sparnaðar í launagreiðslum, enda biði fræðsla barnanna engan hnekki við það.

8. gr.

Prófastsembættin skulu lögð niður, en að því leyti sem störf þeirra mega ekki niður falla, skal biskup sjá um, að þau séu af hendi leyst.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 45 frá 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og lög nr. 36 frá 8. sept. 1931, um embættiskostnað sóknarpresta, svo og önnur lagaákvæði og fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðastliðnu þingi. Nú er það enn flutt og felldar inn í það breytingartillögurnar á þskj. 919 1935. Að öðru leyti visast til álits millipingan. í launamálum.